

# ÁHRIF OLÍUVERÐSLÆKKUNAR Á SKREIÐARMARKAÐ Í NÍGERÍU

Árni Þór Bjarnason



**ÍSLENSKA UMBODSSALAN**

ICELANDIC SALES AGENCY LTD

Sjávarútvegsráðstefnan 2016,  
Hörpu, 24.-25. nóvember.

Allt frá því á miðri síðustu öld hafa Íslendingar selt skreið og aðrar þurrkaðar fiskafurðir til Afríku og hefur Nígíría verið þar helsta viðskiptaland okkar. Til að byrja með þá var eingöngu um skreið að ræða og var þetta verulega stór markaður og í kring um 1980 var Nígíría þriðja eða fjórða stærsta viðskiptaland okkar og var þá heildarinnflutningur til Nígíríu yfir 1,000,000 skreiðarpakka eða yfir 50,000 tonn, sem aftur gerir um 250,000 tonn af fiski upp úr sjó.

Þetta var þorskur, ýsa, ufsi, langa og keila og kom að mestu frá Íslandi og Noregi, en þó eitthvað smáræði frá Grænlandi

Var þetta á tímabili þegar olíuverð var í hæstu hæðum og nóg af gjaldeyri í Nígíríu og kjör almennings nokkuð góð miðað við aðrar þjóðir í nágrenninu. Þegar olíuverð fór að lækka aftur þá kom verulegur afturkippur í sölu og framleiðslu og fór svo að innflutningur var bannaður og var svo um tveggja ára skeið. Þegar opnað var fyrir verslun aftur var verð verulega lægra og erfiðlega gekk að selja og segja má að skreiðarsala sem slík hafi nánast lagst af, en þess í stað jókst framleiðsla og sala hausa lítillega. Markaðurinn var erfiður á þessu tímabili og gengi gjaldmiðils Nígíríu Naira féll jafn og þétt og var þar aðallega um að kenna lágu olíuverði og mikilli óstjórn peningamála svo og landlæg spilling embættismanna.



ÍSLENSKA UMBODSSALAN  
ICELANDIC SALES AGENCY LTD

Upp úr aldamótum fór að aukast sala smá saman aftur og verð fór að hækka samhliða hækkandi olíuverði. Gengið hélst líka nokkuð stöðust á þessum árum og útflutningur og framleiðsla jókst ár frá ári og einnig verðmæti, og svo var farið að þróa nýjar vörur sem hentuðu á þennan markað svo sem þurrkaður afskurður og beinagarðar, þverskorinn fiskur og var þar vinsælast Keila, Langa, Blálanga og Ufsi. Einnig var selt töluvert af þurrkuðum kolmunna.

Ef litið er til útflutnings síðustu ára þá hefur hann aukist jafnt og þétt í magni alveg frá því upp úr 2000 þar til núna að framleiðsla lækkar aftur og fyrstu 9 mánuði ársins er útflutningur einungis 82% af magni sömu mánuði 2015 og má reikna með að það verði enn minna þegar árið er gert upp í heild þar sem töluverðar birgðir voru til í landinu um síðastliðin áramót.

ÚTFLUTNINGUR Á ÞURRKYÐUM VÖRUM TIL NÍGERÍU  
SAMKVÆMT TÖLUM FRÁ HAGSTOFU ÍSLANDS

2007-2015

Meðalgengi


Útflutningsár	Magn kg	FOB VERÐMÆTI	Meðalverð	USD Seðlab	FOB USD	Meðalverð USD	Hlutfallsleg breyting		
2015	22655241 kg	13.673.222.197 kr.	604 kr/kg	131,57	\$103.923.555	\$ 4,59/KG	132%		
2014	23420104 kg	12.800.681.014 kr.	547 kr/kg	116,47	\$109.905.392	\$ 4,69/KG	137%		
2013	21910843 kg	11.690.176.926 kr.	534 kr/kg	121,94	\$95.868.271	\$ 4,38/KG	128%		
2012	21010305 kg	13.389.914.401 kr.	637 kr/kg	124,75	\$107.333.983	\$ 5,11/KG	123%		
2011	18817608 kg	9.217.699.708 kr.	490 kr/kg	115,79	\$79.607.045	\$ 4,23/KG	110%		
2010	19404547 kg	9.171.031.355 kr.	473 kr/kg	121,75	\$75.326.746	\$ 3,88/KG	113%		
2009	19300259 kg	9.681.526.266 kr.	502 kr/kg	123,3	\$78.520.083	\$ 4,07/KG	113%		
2008	16039246 kg	5.438.363.776 kr.	339 kr/kg	87,86	\$61.898.063	\$ 3,86/KG	94%	2007-2015	
2007	17115661 kg	3.720.806.588 kr.	217 kr/kg	63,86	\$58.265.058	\$ 3,40/KG	100%	179673814 kg	88.783.422.231 kr.

\$770.648.196




ÍSLENSKA UMBODSSALAN  
ICELANDIC SALES AGENCY LTD

## Útflutningsverðmæti til Nígeríu Október 2014-September 2016



- Tvö 12 mánaðar tímabil
- Útflutningsverðmæti þurrkaðra afurða til Nígeríu

## Útflutningsverðmæti til Nígeríu Október 2014-September 2016




- 14.10 – 15.09 : 14,3 ma.kr.
- 15.10 – 16.09: 6,8 ma.kr

**Samtals samdráttur -52%**




Útflutningsverðmæti til Nígeríu  
Október 2014-September 2016



Samdráttur milli tímabila:

- FOB -7,5 milljarðar (-52%)

Útflutt magn til Nígeríu  
Október 2014-September 2016



- Magn -5.500 tonn (-23%)



Í Nígeríu búa um 180-190 milljónir manna, en einungis hluti þeirra kaupir þurrkaðar afurðir og er það aðallega Igbo þjóðflokkurinn sem býr að mestu í Suðaustur Nígeríu og eru þar aðal skreiðarverslunarstaðirnir Aba og Onitsha. Varlega má áætla að fjöldi þeirra sem alíst hafa upp við skreiðarneyslu sé á bilinu 40-60 milljónir eða um þriðjungur Nígeríumanna. Þetta hefur oft orsakað togstreitu um það í hvað takmarkaður gjaldeyrir eigi að fara og stundum hafa ráðamenn talið það mesta óþarfa að vera að eyða dýrmætum gjaldeyri í vöru sem er ekki fyrir alla þjóðina.

Gjaldmiðill Nígeríu nefnist Naira og hefur hann oft fallið verulega í hvert sinn sem olíuverð lækkar þar sem efnahagur Nígeríu treystir að miklu leyti á olíu og eru nánast allar útflutningstekjur Nígeríu vegna olíu og oliutengdra vara.



Þess vegna hafa sveiflur á olíuverði veruleg áhrif á gengi, en þegar ég kom fyrst til Nígeríu 1980 þá var gengi 1 USD 0,55 Naira, en er í dag um 485 Naira. Eins og sjá má í töflunni hér þá hefur gengið fallið fljótlega eftir að olían fellur í verði, en þó oft seinna þegar reynt hefur verið að halda því en ekki gengið og því fallið kannski meira en ella hefði þurft.



Því miður þá hefur þetta haft í för með sér verulega kaupmáttarskerðingu hjá almenningi og ef ég nota einfalda hagfræði í þetta þá var staðan þannig 1980 að almenn laun voru um Naira 150-200 á mánuði og skreiðarpakkinn (Þorskskreið 45 kg pakki) kostaði USD 320 eða Naira 175. Þannig var hægt að kaupa einn pakka af skreið fyrir mánaðarlaunin. Í dag kostar sambærilegur pakki um USD 600 og umreiknað á genginu 480 plús 20% tollur sem ekki var áður fyrr þá verðleggst pakkinn á Naira 350.000. Með mánaðarlaunin í dag um Naira 65,000 þá tekur það 5-6 mánuði að vinna fyrir þessum sama pakka. Almenn er ekki gert ráð fyrir að hagur almennings vænkist að nokkru ráði á næstunni sem þýðir að það verða færri og færri sem hafa ráð á að kaupa aðrar vörur en það sem bráðnauðsynlegt er til lífsviðurværis.

## Olíuverð á núvirði og USD/NGN 1980-2016

ÁR	Þróun gengis NGN/USD	Olíuverð á núvirði USD/tunna
1980	0,55	105
1984	0,765	35
1987	5,9	40
1994	56,8	20
2000	105	100
2009	171	65
2011	165,1	115
2014	199	100
2015	300	31
2016	489	48



Eins og sjá má á töflunum hér á undan þá hefur lækkunin á olíuverði haft veruleg áhrif á bæði magn svo og verðmæti vöru sem flutt er til Nígeríu, en samkvæmt hagtölum frá Nígeríu er olíu og gas útflutningur að skapa 95-96% gjaldeyrstekna og 80-85% af ríkistekjum

Um mitt síðasta ár settu stjórnvöld í Nígeríu ákveðnar vörutegundir á bannlista sem var með fjölda annarra vara sem ekki þóttu nauðsynlegar. Þetta þýddi ekki innflutningsbann heldur það að ekki var hægt fyrir kaupendur okkar að kaupa gjaldeyri fyrir innkaup á þurrkuðum vörum í Seðlabanka Nígeríu heldur urðu kaupendur að verða sér úti um gjaldeyris eftir öðrum leiðum og kaupa hann á svarta markaðinum.

Opinbera gengið var á þessum tíma Naira 197 á móti 1 USD, og svartamarkaðsgengi var 5-10% hærra. Fljótlega eftir þetta þá rauk gengið upp og hefur hækkað síðan og nú í síðustu viku var gengið komið í Naira 485 á móti 1 USD.

Til að byrja með þá hafði þetta ekki veruleg áhrif þar sem kaupendur voru með bankaábyrgðir sem voru opnaðar á gamla genginu og mátti nota áfram, en undir lok ársins 2015 fór þetta að segja verulega til sín með tilheyrandi vandræðum í sölu og fór verðið hratt niður á við og gekk erfiðlega að selja þannig að birgðir fóru að safnast fyrir.

Í dag er framleiðslan einungis um 70-80% af því sem hún var fyrir ári síðan og meðalverð hefur lækkað um helming.

Þetta hefur orsakað það að þurrkverksmiðjum hefur fækkað og þar af leiðandi störfum í þessum geira en einnig hefur þetta haft áhrif á fiskverð þar sem miðað við framleiðslu eins og hún var 2015 sem var 22,650 tonn þá þurfti rúm 100,000 tonn af hráefni í þessa framleiðslu og miðað við upplýsingar frá framleiðendum þá var meðalverð hráefnis á bilinu 60-70 kr /kg sem gerir rúmlega 6 milljarða en er í dag einhvers staðar á bilinu 12-20 kr á kg sem er lækkun um 4-4,5 milljarða sem hefur orsakað töluverða lækkun á fiskverði

Sendinefnd undir forystu utanríkisráðherra fór til Nígeríu í lok ágúst til viðræðna við stjórnvöld um breytingar á tollum og til að liðka fyrir þessum viðskiptum vegna allra þessara hækkana.

Enn sem komið er þá hefur þetta engu breytt og eru kaupendur verulega áhyggjufullir vegna þróunar þar vegna þess að dæmi er um að tollar og aðflutningsgjöld séu farin að slaga í þriðjung af endanlegu söluverði vörunnar á markaðnum.

Þetta er aðallega vegna þess að tollayfirvöld hafa fast verðmæti á gám sem er um 50-60% hærra en raunverð vörunnar þannig að tollar eru í raun og veru ekki 20% heldur 30-40% sem gerir það illmögulegt að versla með vissar afurðir. Stöðugt er verið að vinna í þessu, en ekkert hefur gerst enn.

Varðandi áframhaldandi sölur héðan frá Íslandi á þennan hefðbundna markað okkar þá er ég því miður ekki alltof bjartsýnn á að hann lagist á næstunni. Gengi Naira mun áfram verða hátt og lagast mjög líklega ekki þó svo að olíuverðið braggist eitthvað, þar sem það hefur sýnt sig að ef það hefur fallið einu sinni þá styrkist það ekki aftur nema þá að litlu leyti og ekki má gera ráð fyrir kaupmáttaraukningu hjá þeim hópi fólks sem hreint og beint hefur efni á að kaupa þurrkaðar vörur frá okkur þrátt fyrir allar hefðir og venjur.

Að sögn viðmælenda okkar þá verður það þannig að sá sem hafði efni á að kaupa fisk í súpuna sína á hverjum degi kaupir núna annan hvern dag. Sá sem hafði efni á að kaupa einu sinni í viku kaupir núna einu sinni í mánuði og mun salan minnka smá saman alveg eins og gerðist með skreiðina á sínum tíma en nú er slíkt einungis á færi ríkasta fólksins.